

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 75/2024

2024/EES/52/32

frá 15. mars 2024

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2749 frá 11. desember 2023 um að fastsetja niðurstöður um bestu aðgengilegu tækni (BAT), samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB um losun í iðnaði, fyrir sláturhús og iðnað fyrir aukaafurðir úr dýrum og/eða ætar samafurðir ⁽¹⁾, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L, 2024/90008, 12.1.2024.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 1fza (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2508) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„1fzb. **32023 D 2749**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2749 frá 11. desember 2023 um að fastsetja niðurstöður um bestu aðgengilegu tækni (BAT), samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB um losun í iðnaði, fyrir sláturhús og iðnað fyrir aukaafurðir úr dýrum og/eða ætar samafurðir (Stjtið. ESB L, 2023/2749, 18.12.2023), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L, 2024/90008, 12.1.2024.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2023/2749, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L, 2024/90008, 12.1.2024, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópu-sambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 16. mars 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 15. mars 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2023/2749, 18.12.2023.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.